

Skýrsluskil í tengslum við skattframtal 2017

Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.25), leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts (RSK 10.26) og afstemmingarblaði vegna blandaðrar starfsemi (RSK 10.27) skal, **eftir atvikum**, skila í tengslum við ársuppgjör og skil á skattframtali 2017. Unnt er að skila ofangreindum eyðublöðum með rafrænum framtalsskilum en einnig má sækja eyðublöðin á upplýsingavef ríkisskattstjóra og á starfsstöðvar ríkisskattstjóra.

1. Samanburðarskýrsla - RSK 10.25

Gerð er krafa til allra þeirra sem stunduðu virðisaukaskattsskylda starfsemi á árinu 2016 að þeir beri virðisaukaskattsskýrslur sínar saman við ársreikning og bókhald.

Ef talið er fram til tekjuskatts á forminu „Skattframtal rekstraraðila“ (RSK 1.04) er samanburðurinn innifalinn í því formi svo sem efni þess segir til um, þó að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi aðeins eitt vsk-númer. Að öðrum kosti skal útfyllt „Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts“ (RSK 10.25) fyrir hvert vsk-númer og henni skilað með skattframtali 2017, rafrænt eða á pappír eftir atvikum.

Bændur sem skila „Landbúnaðarskýrslu“ (RSK 4.08), þurfa ekki að skila samanburðarskýrslunni þar sem umræddur samanburður er innifalinn í því formi.

Einstaklingar sem skila „Rekstrarskýrslu“ (RSK 4.11) með skattframtali sínu verða jafnframt að fylla út og skila „Samanburðarskýrslunni“ (RSK 10.25).

2. Leiðréttingarskýrsla - RSK 10.26

Komi við framangreindan samanburð fram mismunur skal leiðréttingu komið á framfæri með „Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts“ (RSK 10.26). Þó skulu þeir sem hafa skemmri uppgjörstímabil en tvo mánuði nota skýrsluformið RSK 10.03.

vefskil virðisaukaskatts

engar biðraðir ...

... engin tímapressa

enginn pappír ...

... auðvelt að greiða

auðvelt að muna ...

... einfaldar bókhaldið

einföld skil ...

Feli niðurstaða leiðréttingar í sér greiðsluskyldu skal skýrslunni ásamt greiðslu þegar í stað skilað til innheimtumanns ríkissjóðs. Hægt er að greiða virðisaukaskatt með AB gíró í heimabanka. Þá þarf að útbúa OCR-rönd, sem samanstendur af tilvísunarnúmeri, seðilnúmeri, færslulykli, stofnun, höfuðbók og reikningsnúmeri.

Dæmi: VVVVVNAAAA kkkkkk 31-0001-26-025300 Tilvísunarnúmer VVVVV = sex stafa vsk-númer. Sé númerið styttra er sett 0 fyrir framan NN = númer tímabils (t.d. 48 fyrir nóvember-desember og ársskil 2016) AAAA = ártal (2016) Seðilnúmer kkkkkk = sjö fyrstu stafir í kennitölu greiðanda 31-0001-26-025300 eru færslulykill, stofnun, höfuðbók og reikningsnúmer.

Í öðrum tilvikum skal skýrslunni skilað til ríkisskattstjóra í síðasta lagi með skattframtali 2017, rafrænt eða á pappír eftir atvikum.

3. Afstemmingarblað - RSK 10.27

Þetta eyðublað er til nota fyrir þá sem hafa með höndum blandaða starfsemi, þ.e.a.s. starfsemi sem er að hluta til virðisaukaskattsskyld og að hluta til undanþegin virðisaukaskatti skv. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisaukaskattsskýrslu tímabilsins nóv.-des. 2016 fyrir tveggja mánaða skil, júlí-des. 2016 fyrir sex mánaða skil eða jan.-des. 2016 fyrir ársskil. Afstemmingarblaði skal skila til ríkisskattstjóra í síðasta lagi með skattframtali 2017, rafrænt eða á pappír eftir atvikum. Niðurstöðutölu afstemmingarblaðs sem skilað er með skattframtali skal færa inn á „Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts“ RSK 10.26.

Nánari upplýsingar og gögn má fá hjá ríkisskattstjóra.